

Fjallabyggð



Hafnar- og athafnasvæði í Ólafsfirði

Deiliskipulag – Skipulagslýsing

Febrúar 2021

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðdragandi	3
Skipulagssvæðið	3
Viðfangsefni, áherslur og markmið	4
Viðfangsefni og áherslur.....	4
Markmið	4
Forsendur	5
Staðhættir.....	5
Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028.....	5
Fornminjar	5
Lög og reglugerðir.....	5
Áhrifamat	5
Kynning, samráð og skipulagsferli	6
Umsagnaraðilar.....	6
Tímaáætlun.....	7
Heimildir	8

Inngangur

Hafnarstjórn Fjallabyggðarhafna hefur ákveðið að unnið verði deiliskipulag hafnar- og athafnasvæðis í Ólafsfirði. Þegar vinna hefst við gerð skipulags skal taka saman lýsingu á verkefninu og kynna fyrir Skipulagsstofnun, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum. Lýsing er eins konar verkáætlun um mótun tillögu þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar dregnar fram. Deiliskipulagið verður unnið á tæknideild Fjallabyggðar af Írisi Stefánsdóttur, skipulagsfræðingi og Helgu Írisi Ingólfssdóttur skipulags- og tæknifulltrúa.

Aðdragandi

Á fundi hafnarstjórnar Fjallabyggðar þann 31. ágúst 2020 var farið yfir stöðu skipulagsmála á höfnum sveitarfélagsins og þörf á framtíðarstefnumótun svæðanna. Samþykkt var að vinna deiliskipulag á hafnar- og athafnasvæðinu í Ólafsfirði. Bókað var að deiliskipulagsvinnan skyldi taka mið af núverandi starfsemi svæðisins sem og þróunarmöguleikum í takt við breytta tíma.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið tekur til Ólafsfjarðarhafnar og athafnasvæðum henni tengdri.

Svæðið er um 11 ha að stærð og afmarkast af gámasvæði við Vesturstíg til vesturs, bryggjukanti og varnargörðum til norðurs, Námuvegi til austurs, Múlavegi, Strandgötu og Ægisgötu til suðurs.



Afmörkun svæðis

Loftmynd úr kortagrunni Fjallabyggðar

Viðfangsefni, áherslur og markmið

Viðfangsefni og áherslur

- Skilgreina lóðir fyrir mismunandi starfsemi og þarfir
 - o Hafsækin starfsemi
 - o Iðnaðar- og/eða athafnasvæði
 - o Gámasvæði
 - o Verbúðir/geymslur
 - o Sorpmóttaka fyrir báta og skip
 - o Dvalarsvæði/áningarstaðir
 - o Bílastæði
- Bæta hafnaraðstöðu með sérstöðu svæðisins í huga
 - o Hafnarsvæði í Ólafsfirði tvískipt; innri höfnin og smábátahöfnin
- Bæta öryggi þeirra sem fara um hafnarsvæðin
 - o Aðgreina betur á milli ferðapjónustu og annarrar starfsemi
 - o Gera gönguleiðir/gangstéttar greinilegri
 - o Fjölga merkingum á hafnarsvæðunum
- Skilgreina helstu umferðarleiðir akandi og fótgangandi
 - o Bæta tengingar frá hafnarsvæði og upp í miðbæ
- Bæta umhverfi og ásýnd hafnarsvæðisins
 - o Útbúa örugg svæði fyrir fólk
 - o Koma fram með heildarsýn fyrir svæðið sem hægt er að vinna eftir
- Efla sérkenni svæðisins
 - o Halda að einhverju leiti í það sem fyrir er
 - o Tengja við söguna

Markmið

Gert verður ráð fyrir að efla hafnarsvæðið með því að skapa umgjörð sem dregur til sín starfsemi sem tengist höfninni auk þess að gera svæðið aðgengilegra og eftirsóknarverðara fyrir bæði íbúa og ferðafólk.



Forsendur

Staðhættir

Skipulagssvæðið er staðsett nyrst í þéttbýlinu í Ólafsfirði, meðfram strandlengjunni. Svæðið tekur til hins eiginlega hafnarsvæðis auk athafnasvæða sem tengjast því og liggur samsíða höfninni og teygir sig vestur að ósi Ólafsfjarðarar og austur að Námuvegi.

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

Samkvæmt aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem hafnarsvæði og athafnasvæði.

Fornminjar

Haft verður samráð við Minjastofnun Íslands í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög og reglugerðir

Stuðst verður við hafnarreglugerð fyrir Fjallabyggðarhafnir nr. 408/2010 ásamt því að fylgja hafnalögum nr. 61/2003 og lög um gerð deiliskipulags skv. skipulagslögum nr.123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Áhrifamat

Ekki eru áformaðar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins sem líklegar eru til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Deiliskipulagið fellur því ekki undir lög um umhverfismat áætlana.



Kynning, samráð og skipulagsferli

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal lýsing skipulagsáætlana send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum í upphafi verks. Lýsingin verður auglýst í staðarblaði sem borið verður út á hvert heimili sveitarfélagsins. Hún mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og verða aðgengileg á heimasíðu þess www.fjallabyggd.is. Umsagnaraðilum og almenningi verður þannig gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Í framhaldi verður unnin skipulagstillaga sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Fullunnin skipulagstillaga verður síðan auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá verður gefinn kostur á athugasemdum í a.m.k. sex vikur. Að athugasemdafresti loknum munu hafnarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd yfirfara athugasemdir sem kunna að berast. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á skipulagstillögunum skulu þær auglýstar að nýju.

Hafnarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd gera síðan tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins. Samþykkt deiliskipulag verður sent Skipulagsstofnun til yfirferðar ásamt athugasemdum og málsmeðferð. Bæjarstjórn mun birta auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt skal afgreiðsla bæjarstjórnar send þeim sem athugasemdir gerðu. Auglýsing, samþykkt og afgreiðsla deiliskipulags verður í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnaraðilar

Leitað verður umsagna við gerð skipulagsins til eftirfarandi stofnanna:

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Rarik
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Norðurorka
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin

Tímaáætlun

- Mars 2021 Skipulagslýsing unnin, samþykkt og kynnt
- Apríl 2021 Deiliskipulag fullmótað með skipulagsuppdrætti, greinargerð og skilmálum
- Apríl/maí 2021 Opinn fundur/opið hús þar sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta kynnt sér deiliskipulagstillöguna.
- Maí 2021 Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundum hafnarstjórnar, skipulags- og umhverfisnefndar og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsinga- og kynningarferli.
- Maí/júní 2021 Tillaga að deiliskipulagi er í lögbundnu 6 vikna auglýsingarferli
- Júlí 2021 Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundum hafnarstjórnar og skipulags- og umhverfisnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögnum sem hafa borist.
- Júlí/ágúst 2021 Tillaga að deiliskipulagi samþykkt af sveitarstjórn.
- Ágúst 2021 Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að 3 vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Heimildir

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

Skipulagslög nr. 123/2010

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Lög um mat á umhverfisáhrifum 106/2000

Hafnalög nr. 61/2003

Hafnarreglugerð fyrir Fjallabyggðarhafnir nr. 408/2010